

Miðvikudaginn 31. maí 1989.

Nr. 198/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Bjartmari Hrafni Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Benedikt Blöndal og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 172. gr., 3. tölulið, laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 29. maí 1989, sem barst Hæstarétti 30. maí. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hnekk.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Varnaraðili er grunaður um að hafa valdið eldsvoða í fiskvinnsluhúsi og kaffiskúr á Stöðvarfirði að morgni 28. maí 1989. Hann hefur neitað sakargiftum, en ekki getað gert grein fyrir ferðum sínum í nokkrar klukkustundir áður en eldsins varð vart, en hann tilkynnti sjálfur um brunann áður en aðrir urðu hans varir. Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar með vísan til 67. gr., 1. mgr. 1. tl., laga nr. 74/1974.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Suður-Múlasýslu 20. maí 1989.

Ár 1989, mánudaginn 20. maí, er á dómþingi sakadóms Suður-Múlasýslu, sem haldið er í dómsal embættisins að Strandgötu 52, Eskifirði, af Sigurði Eiríkssyni sýslumanni við neðanskráða votta, kveðinn upp úrskurður í tilefni af rannsókn á bruna í fyrirtækinu Færabaki, Stöðvarfirði, sem tilkynntur var til lögreglu að morgni sunnudags 28. maí 1989 kl. 8.50.

Málsatvik.

Á ofangreindum tíma var lögreglu á Fáskrúðsfirði tilkynnt að eldur væri laus í fyrirtækinu Færabaki á Stöðvarfirði. Lögreglumenn fóru þegar á vettvang til að rannsaka málið. Í tengslum við rannsókn málsins féll grunur á kærða, Bjartmar Sigurðsson, kennitala 260947-7969, til heimilis að Bankastræti 2 B, Stöðvarfirði, og var hann vistaður í fangageymslu lögreglunnar á Eskifirðisamagkl. 15.25.

— — —

Niðurstaða.

Með vísan til ofanritaðs er ljóst, að mikið misræmi er í framburði kærða og þess vitnaframburðar, sem hér að framan er rakinn. Enginn varð var við eldinn í kaffistofunni, en kærði segir að eld og reyk hafi lagt frá henni, en við athugun hefur komið í ljós að svo var ekki. Kærði hringdi í Ingimar kl. 7.00 um morguninn, þó nokkuð löngu áður en nokkur eldur kom upp. Kærði hefur fyrir dómi borið fyrir sig minnisleysi um tímabilið frá kl. 4.20 og fram til 7.00 eða 8.00 um morguninn. Dómari fór á vettvang í gærkvöldi og kannaði aðstæður. Í þeirri athugun kom fram að heimili kærða er örstutt frá brunastað. Frá brunastað er einnig örstutt í nærliggjandi íbúðarhús og olíugeymar eru þarna stutt frá. Þá gerði dómari athugun á því, að eldar hafa komið alloft upp á tiltölulega litlu svæði nærri heimili kærða á undanförunum 3 - 4 árum. Í öllum þessum tilvikum hefur kærði tilkynnt um bruna, verið fyrstur á vettvang og í flestum tilvikum er kærði ölvaður við þessar aðstæður. Þessi mál hafa sætt rannsókn og verður þeirra rannsóknargagna aflað inn í þetta mál.

Að öllu ofanrituðu athuguðu og virtu þykir nauðsyn til bera að úrskurða kærða í gæsluvarðhald, en telja verður hættu á að kærði muni spilla sakargögnum, hafa áhrif á vitni, og jafnvel sé hættu á að hann muni halda áfram ætlaðri brotastarfsemi sinni ef hann heldur óskertu frelsi sínu. Úrskurður um gæsluvarðhald er því studdur við 1. tl., 4. tl. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, gæsluvarðhaldi ekki til fyrirstöðu.

Gæsluvarðhaldstíminn er hæfilega ákveðinn til mánudagsins 12. júní 1989 kl. 14.00. Þá er rétt að úrskurða að lögregla hafi heimild til húsleitar á heimili kærða að Bankastræti 2 B, Stöðvarfirði, og nær úrskurðurinn einnig til læstra hirslna.

Úrskurðarorð:

Kærði, Bjartmar Sigurðsson, kennitala 26.09.47-7969, til heimilis að Bankastræti 2 B, Stöðvarfirði, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 12. júní 1989 kl. 14.00.

Lögreglunni er heimil húsleit á heimili kærða að Bankastræti 2 B, Stöðvarfirði, og nær úrskurðurinn til læstra hirslna.